

## **Breytingar-tillaga á lögum BLÍ.**

Lagt er til að Lög BLÍ taki eftirtöldum breitingum vegna nýtilkominna tilnefninga á Heiðursformönnum BLÍ

Í 6. grein bætist við nýr liður í upptalningu um seturétt á þigi BLÍ með málsfrelsi og tillögurétt.

**g) Heiðursfélagar BLÍ**

**h) Heiðursformenn BLÍ**

14.gr. lagt er til að hún hljóði svo.

Ævifélaga BLÍ geta þeir orðið sem stjórn BLÍ samþykkir. Stjórn BLÍ ákveður réttindi ævifélaga hverju sinni.

Stjórn BLÍ hefur heimild til að skipa Heiðursfélaga BLÍ samkvæmt reglugerð þar að lútandi.

Stjórn BLÍ er heimilt að tilnefna Heiðursformenn BLÍ, samkvæmt reglugerð þar að lútandi.

Árlega skal Blakþingi vera tilkynnt um þá einstaklinga sem samþykktir hafa verið sem ævifélagar, tilnefndir heiðursformenn og skipaðir Heiðursfélagar.

## **Reglugerð um Heiðursfélaga BLÍ**

1. Stjórn BLÍ tilnefnir Heiðursfélaga BLÍ og skal viðkomandi hafa unnið ómetanleg störf í þágu sambandsins og blakíþróttarinnar. Heiðursfélaganum skal fært áritað innrammað heiðursskjal frá BLÍ því til staðfestingar ásamt heiðursorðu merki BLÍ úr gulli áfest á renningi úr fánalitunum.
2. Einungis skal tilnefna Heiðursfélaga BLÍ á afmælisárnum og þá á heilum tug og skal tilkynna tilnefninguna til næsta ársþings BLÍ.
3. Eigi skal tilnefnfna fleiri en einn Heiðursfélaga í senn.
4. Heiðursfélagar BLÍ skal hafa rétt til setu á fundum stjórnar sambandsins og á blakþingum og hafa þar málsfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
5. Heiðursfélagar BLÍ koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska eftir eða fela þeim.
6. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og verður ekki breitt nema á reglulegu ársþingi BLÍ

## **Reglugerð um Heiðursformenn BLÍ**

1. Stjórn BLÍ tilnefnir Heiðursformann BLÍ, úr röðum fyrrum formanna BLÍ og skal honum fært áritað innrammað heiðursskjal frá BLÍ því til staðfestingar .

2. Einungis skal tilnefna Heiðursformenn Blí á afmælisárur og þá á hálfum og heilum tug og skal tilkynna tilnefninguna til næsta ársþings Blí.
3. Eigi skal tilnefna fleiri en einn Heiðursformann í senn.
4. Heiðursformenn Blí skal hafa rétt til setu á blakþingum og hafa þar málsfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.
5. Heiðursformenn Blí koma fram fyrir hönd sambandsins þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska eftir eða fela þeim.
6. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og verður ekki breitt nema á reglulegu ársþingi Blí

**Björn Guðbjörnsson**